

**Nd.**

**521. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Enn á ný er mál þetta komið hingað frá háttv. Ed. Hefir háttv. Ed. gert á frv. breyting, sem meiri hluti allsherjarnefndar getur alls ekki fallist á. Háttv. Ed. hefir svift konur þeim *rjelli*, sem þær nú hafa að lögum, að mega skorast undan kosningu í málefnum sveita og kaupstaða. Leggur meiri hlutinn þess vegna til, að frv. verði samþykkt með svo feldri

**BREYTINGU:**

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Skytt er hverjum karlmanni, sjálfum sjer ráðandi, yngri en sextugum og heilum og hraustum, að taka við kjöri í hreppsnefnd og bæjarstjórn. Þeim, er setið hefir 6 ár samfleytt eða lengur í nefnd, er þó ósklyt að taka við kjöri til hennar fyr en 6 ár eru liðin síðan hann átti þar síðast sæti.

Rjett er konum að skorast undan kosningu.

Alþingi, 6. maí 1926.

Jón Kjartansson,  
form. og frsm.

Árni Jónsson,  
fundaskr.

Pjetur Ottesen.